

Skilmállinn er samsettur úr fjórum sjálfstæðum váttryggingum og skiptist í 6 kafla. Hálfkaskótrygging ökutækis nær til skemmda á hinu váttryggða ökutæki af völdum bruna, þjófnaðar og rúðutjóna. Einnig bætir tryggingin tjón vegna veltu á dráttarvélum í landbúnaði ásamt landbúnaðartækjum sem eru fasttengt dráttarvélinni. Kaflasskiptingin er eftirfarandi:

- [1. kafli: Bótasvið, bls. 1.](#)
- [2. kafli: Brunatrygging, bls. 2.](#)
- [3. kafli: Rúðutrygging, bls. 3.](#)
- [4. kafli: Þjófnaðartrygging, bls. 3.](#)
- [5. kafli: Veltu og hrapttrygging – Sérákvæði, bls. 4.](#)
- [6. kafli: Almenn ákvæði, bls. 4.](#)

Aftast eru upplýsingar um Tjónagrunn.

1. KAFLI BÓTASVIÐ

1. gr. Hverjir eru váttryggðir

Váttryggingin er til hagsbóta fyrir eiganda ökutækisins sbr. þó grein 25. Framsalshafar, veðhafar eða aðrir eigendur óbeinna eignaréttinda eiga ekki rétt samkvæmt váttryggingunni nema sérstaklega hafi verið um það samið við félagið.

2. gr. Váttryggingarsvið

Hvaða tjón bætir váttryggingin?

Váttryggingin nær til skemmda á hinu váttryggða ökutæki af völdum bruna-, rúðubrots-, og þjófnaðar svo sem nánar greinir í skilmálum þessum. Váttryggingin nær ekki til skemmda á hvers kyns aukabúnaði ökutækisins, t.d. tengivögnum, talstöðvum, viðtækjum og öðrum hljómtækjum, farsímum, vörulyftum, máluðum auglýsingum og lausum toppgrindum nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

Gildissvæði

Váttryggingin nær ekki til aksturs utan Íslands nema sérstaklega sé um það samið. Sama gildir meðan ökutækið er flutt milli landa.

3. gr. Ábyrgðartakmarkanir- Undanskildar áhættur

Félagið bætir ekki tjón sem verða kann á ökutækinu með þeim hætti eða við þær aðstæður sem hér eru tilgreindar:

Þegar ökutækið er notað til annars aksturs en þess sem getið er í váttryggingarskírteininu.

Þegar ökutækið er notað til kappaksturs, reynsluaksturs, í aksturskeppni eða við æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað hafi verið samið. Þegar tjón verður rakið til stríðs, óeirða, óspekta, uppþots, skemmdarverks, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir þegar tjón orsakast af kjarnorku, jónandi geislun eða geislavirkum efnum, svo og tjón af völdum náttúruhamfara s.s. sjávarflóða, eldgosa, jarðskjálfta og vatnsflóða. Þá bætist ekki tjón af völdum sandfoks eða ef möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á ökutækið. Þegar ökutækinu er ekið af öðrum en váttryggingartaka eða þeim sem með hans samþykki aka því, þó ekki þegar einkabifreið er leigð út gegn gjaldi. Þegar um árekstur, veltu, útafakstur eða áakstur er að ræða. (Sjá þó sérákvæði um dráttarvélar).

4. gr. Bótaákvörðun – Uppgjör tjóns

- Félagið greiðir bætur fyrir altjón gegn afsali fyrir ökutækið, ef öll þrjú neðangreind skilyrði eru fyrir hendi á tjónsdegi og fram kemur krafa um slíkt frá váttryggðum:
 - Ef liðnir eru minna en 12 mánuðir frá upphaflegri skráningu ökutækisins
 - Ef ökutækinu hefur verið ekið minna en 20 þúsund kílómetra og
 - Ef félagið metur viðgerðarkostnað meira en 45% af raunvirði ökutækisins
- Ef hið váttryggða ökutæki uppfyllir ekki ofangreind skilyrði greiðir félagið bætur fyrir altjón:
 - Ef tækið verður fyrir miklum skemmdum og félagið álitur að það borgi sig ekki að gera við það eða
 - Ef ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um

- Þegar greiddar eru bætur fyrir altjón samkvæmt grein 3.1. ber félaginu að greiða raunvirði ökutækisins (vátryggingarverðmæti þess sbr. grein 5.). Ef tjón er bætt sem altjón samkvæmt grein 3.2. ræður félagið því hvort það greiðir raunvirðið gegn afsali fyrir ökutækinu eða mismuninn á raunvirðinu og verðmæti ökutækisins eftir tjón. Félagið hefur rétt til þess að bæta tjónið með því að útvega annað ökutæki sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri, gerð og notkun gegn tilkalli til afsals hins vátryggða úr höndum vátryggingartaka.
- Raunvirði ökutækisins skal, ef vátryggður eða félagið óskar þess, ákveðast með matsgerð dómkvaddra manna. Jafnan skal metið verðmæti ökutækisins rétt fyrir tjónið og jafnframt verðmæti þess eftir tjónið. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber ekki að greiða matskostnað.
- Skemmist ökutækið án þess að skilyrði greinar 3.1. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er eins og það var síðast fyrir tjónið.
- Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann.
- Vátryggingin bætir ekki lækun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.
- Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.
- Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta ökutækisins má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber ekki að greiða matskostnað.
- Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

5. gr. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð ökutækisins er almennt ekki tilgreind í vátryggingarskírteininu. Vátryggingarverðmæti þess er ávallt raunvirði þess en það er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Fjárhæð bóta vegna skemmda sem verða á einu vátryggingartímabili skal ekki fara fram úr vátryggingarverðmætinu. Sé vátryggingarfjárhæð tilgreind í vátryggingarskírteininu gilda sömu reglur og í grein þessari segir.

6. gr. Eigin áhætta vátryggðs

Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu ef þess er getið í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

7. gr. Varúðarreglur

Varúðarregla um ástand ökutækis

Vátryggðum svo og þeim sem nota ökutækið er skylt að gæta þess að ökutækið sé í lögmætu ástandi og í fullkomnu lagi. Sérstaklega skal sjá til þess að öryggistæki þess séu í lagi. Vanræksla á þessu getur valdið því að ábyrgð félagsins fellur niður í heild eða að hluta eftir atvikum samkvæmt reglum laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Varúðarregla um ökuréttindi

Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að gæta þess að hafa gild ökuréttindi við akstur ökutækisins.

2. KAFLI BRUNATRYGGING

8. gr. Vátryggingarsvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða ökutæki af völdum eldsvoða (enda verði eldur laus) og sprengingar sem stafar af honum auk eldingar.

9. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin bætir ekki:

- Tjón á hreyfli vegna sprengingar í strokkum.
- Tjón á rafbúnaði ökutækisins sem hljótast af skammhlaupi sem ekki veldur eldsvoða.
- Tjón á hljóðdeyfum, hjólbörðum eða slöngum vegna sprenginga í þeim.

- d. Tjón sem verða á ökutæki sem notað er til aðgerða til að hindra eða slökkva eld sem ekki ógnar ökutækinu sjálfu.
- e. Tjón vegna árekstur sem er afleiðing af bruna, eldingu eða sprengingu.

10. gr. Varúðarregla um geymslu ökutækis

Aðeins má nota sérstaka gerð rafmagnsljósa til að lýsa upp vél og bensíngeymi. Í húsnæði þar sem ökutækið er að jafnaði geymt er óheimilt að hafa eldstæði og tóbaksreykingar eru þar bannaðar auk þess sem fylgja skal opinberum reglum og fyrirmælum um slíkt húsnæði.

3. KAFLI RÚÐUTRYGGING

11. gr. Vátryggingarsvið

Vátryggingin bætir brot á rúðum ökutækisins ásamt ísetningarkostnaði. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist. Ef vátryggður eða sá sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki veldur vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi losnar félagið úr ábyrgð samkvæmt reglum 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

12. gr. Vátryggingarfjárhæð og bótagreiðslur

Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini. Bætur geta þó aldrei numið hærra fjárhæð en sem nemur raunvirði ökutækisins. Raunvirði er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu.

Vátryggingin tekur til rúðu ökutækisins. Bætur miðast við sambærilega rúðu með sömu eiginleika og sú sem var í ökutækinu fyrir tjónið. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

13. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin bætir ekki:

Tjón á rúðum sem verða við úrtöku eða í ísetningu. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar er rúða brotnar.

14. gr. Eigin áhætta

Í hverju tjóni ber vátryggingartaki þá eigin áhættu sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ef hægt er að gera við rúðu án þess að skipta um þarf vátryggður ekki að greiða eigin áhættu.

4. KAFLI ÞJÓFNAÐARTRYGGING

15. gr. Vátryggingarsvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða ökutæki af völdum þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar á því, enda hafi ökutækið verið læst, sbr. varúðarreglu í gr. 17.1. Bætur vegna tjóns af völdum þjófnaðar samkvæmt þessu ákvæði greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn eigi sér stað á Íslandi. Þjófnað skal kæra til lögreglu strax og hans hefur orðið vart, sbr. varúðarreglu í gr. 17.2. Takmörkun á ábyrgð vegna þjófnaðar kemur fram í gr. 16.

16. gr. Undanskildar áhættur

Félagið bætir ekki tjón vegna eftirtalinna skemmda sem varða einstaka hluta ökutækisins: Skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gler, svo og tjón vegna þjófnaðar á einstökum hlutum ökutækisins.

17. gr. Varúðarreglur

17.1. Varúðarregla um að ökutæki sé læst

Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að gæta þess að hafa ökutækið læst þegar það er ekki í notkun og geyma lykla þess eða annan opunarbúnað á öruggum stað.

17.2. Varúðarregla um tilkynningu vegna þjófnaðar

Þjófnaður á hinu vátryggða skal kærður til lögreglu um leið og hans er vart.

5. KAFLI VELTU OG HRAPTRYGGING – SÉRÁKVÆÐI

Neðangreind skilmálaákvæði gilda eingöngu fyrir dráttarvélar til landbúnaðarstarfa.

18. gr. Vátryggingarsvið

Vátryggingin bætir tjón á hinni vátryggðu dráttarvél af völdum veltu og hrops. Til veltu teljast eingöngu tjón er verða er dráttarvélin hvolfir eða hún fer á hliðina, þannig að hjól nemi ekki við jörðu.

19. gr. Hvað er vátryggt

Vátryggingin tekur til dráttarvélar þeirrar sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun svo og þess landbúnaðartækis vátryggingartaka sem fasttengt er við dráttarvélina þegar hún hrapar eða veltur.

Vátryggingarfjárhæð fyrir landbúnaðartæki sem fasttengt er dráttarvélinni kemur fram í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun en vátryggingarverðmæti er ávallt raunvirði. Fjárhæð bóta vegna skemmda á fasttengdum tækjum sem verða á einu vátryggingartímabili skulu ekki fara fram úr vátryggingarfjárhæðinni sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

20. gr. Eigin áhætta

Í hverju tjóni ber vátryggingartaki þá eigin áhættu sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

6. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

21. gr. Gildistaka- Gildistími - Endurnýjun - Réttur til uppsagnar

Gildistaka og gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun.

Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

- Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
- Ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.

3. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingasamningum sínum við váttryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
5. Ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. Félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar.
 - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
7. Ef alvarlegur trúnaðarbrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

22. gr. Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 21. gr. skilmála þessara.

23. gr. Iðgjaldsákvörðun

Sé eigi annars getið er iðgjald fyrir váttryggingu þessa ákveðið í samræmi við gildandi iðgjaldaskrá félagsins fyrir kaskótryggingar ökutækja. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og verðlagsþróun svo og öðrum þeim orsökum sem raska kunna bótagrundvellingnum sem nemur 5% eða meira. Slík breyting veitir hvorki váttryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar váttryggingarinnar.

24. gr. Iðgjaldið – Gjalddagi – Vanskil – Uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin niður þegar í stað, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004. Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004.

Sé andvirði hins váttryggða greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

Iðgjald verður ekki endurgreitt þótt skráningarkerki séu tímabundið í vörslu Umferðarstofu, lögregluþyrvalda eða umboðsmanna þeirra.

Iðgjald skammtímatryggingar endurgreiðist aldrei.

25. gr. Eigendaskipti

Tilkynna ber félaginu þegar í stað ef ökutækið er afskráð eða selt enda gildir váttryggingin ekki fyrir nýjan eiganda. Félagið ber þó ábyrgð ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum hafi nýr eigandi ekki sjálfur keypt váttryggingu.

26. gr. Aukin áhætta

Váttryggður skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Jafnframt skal váttryggður tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar á ökutækinu eða á notkun þess er haft geta í för með sér breytingar á áhættu svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar. Ef látið er hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti.

27. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

28. gr. Ákvæði um virðisaukaskatt

Sé váttryggður virðisaukaskattskyldur aðili áskilur félagið sér rétt til að haga framkvæmd á viðgerð og/eða uppgjöri tjóns á þann veg að endurgreiðsla virðisaukaskatts komi til lækkunar á fjárhæð tjónsins í samræmi við lög og reglugerðir þar um.

29. gr. Skyldur váttryggðs þegar tjón hefur orðið

Váttryggður skal þegar tjón hefur orðið tafarlaust skýra félaginu frá því skriflega og veita því jafnframt allar þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg kunna að vera til mats á því. Ef tjón hefur orðið eða bein hættu er á því að það muni verða ber váttryggðum af fremsta megni að reyna að afstýra eða draga úr því. Jafnframt ber honum að gera ráðstafanir til að tryggja endurkröfurétt félagsins eigi hann rétt til bóta frá þriðja manni. Vanræksla í þessu efni getur varðað lækkun eða missi bóta samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjón áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

30. gr. Frestur til að tilkynna um tjón – Fyrning

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

31. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á því hvort háttsemi telst fela í sér stórkostlegt gáleysi er meðal annars litið til þess hvort váttryggður taldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess samkvæmt ákvæðum umferðarlaga vegna undanfarandi neyslu áfengis, fíkniefna, örvandi eða deyfandi lyfja.

32. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - Reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða ökutæki, sbr. a. liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004. Hið sama gildir um bílalaegubíla og önnur ökutæki sem eru leigð út án ökumanns. Að því er varðar ökutæki sem notað er í atvinnurekstri gildir hið sama um bótarétt vegna háttsemi starfsmanns váttryggðs, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

33. gr. Tvíttrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

34. gr. Endurkröfuréttur

Með greiðslu bóta öðlast félagið að því marki sem bótunum nemur rétt váttryggðs á hendur þriðja manni sem ber skaðabótaábyrgð gagnvart honum. Félagið getur endurkrafið váttryggingartaka og/eða váttryggðan (tjónvald), hafi félagið vegna ákvæða laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga eða samkvæmt váttryggingarsamningi greitt meðváttryggðum bætur fyrir tjón sem váttryggingartaki/váttryggður á ekki rétt á váttryggingarvernd gegn, þegar tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

35. gr. Ákvæði í váttryggingarskírteini

Ákvæði í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

36. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

37. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015

Tjónagrunnur:

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi váttryggingarfélags

-
- **Staðsetning tjóns**
 - **Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.**

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.